

Nd.

§56. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um lögráð (þingskjal 768).

Frá allsherjarnefnd.

Hv. Ed. hefir við eina umræðu málsins fallist á þær breytingar, sem frv. þetta tók í Nd., nema þær, að lögheitin skyldu vera: *lögræði*, *fjárræði*, *sjálfræði*, *fjárráður*, *fullráður*, *sjálfráður*. Hins vegar hefir hv. Ed. aftur fallið frá því að hafa neitunar-ó-ið milli samskeytanna *fjár-* og *-ráða*, *-sjálfs-* og *-ráða* (*fjáróráða*, *sjálfsóráða*) o. s. frv. Fyrir *lögræði* setti Ed. *lögráð* (flt.), *sjálfræði*, *sjálfráð* (flt.), *fjárræði*, *fjárráð*.

Endingin *-ræði* merkir eigi ávalt, *hvörnig ráðið* er, eins og hv. allsherjarnefnd segir í áliti sínu á þskj. 702, heldur einnig *hæfileika eða rjett til að ráða*. Má nefna sem dæmi orðið *sjálfræði*, er í fornu máli merkir *rjett til að ráða sjer sjálfur* eða *möguleika* til þess (sjá Fritzner v. *sjálfræði*). Allir þekkja og orðin: *alræði*, *þjóðræði*, *forræði* (sem er afgangalt orð og merkir rjett, vald eða heimild til að ráða fyrir eða yfir). Ekki er það rjett, sem hv. Ed. segir, að endingarnar *-ræði* og *-ráður*, sjeu yfirleitt »að eins settar saman við *lúsingarorð*, ekki nafnorð«. *Vandræði*, *þjargræði*, *svikræði*, *kvalræði*, *vjelræði* sýna það. Einnig er *-ræði* skeytt aftan við forsetningar eða atviksorð, svo sem *forræði*, *samræði* o. s. frv. Beygingarreglur tungu vorrar og orðmyndunarreglur þola hvorttveggja. En vjer fellum oss betur í þessu sambandi við orðmyndirnar *-ræði* og *-ráður* en *-ráð* og *-ráða*, og þykir sjerstaklega myndin *-ræði* eiga betur við en myndin *-ráð*, lýsa betur hugmyndinni, sem í orðinu á að felast. Um *-ráð* má enn geta þess, að »sjálfsráð« þykir oss óviðfeldið. Þar er eigi *s-ins* þörf til að forðast hljóðgap (hiatus), eins og t. d. í sjálfshól og sjálfselska. En hv. Ed. hefir að vonum þótt »*sjálfráð*« (no. flt.) óviðfeldið, og því skotið *s-i* á milli.

Orðin »*ráðamaður*« og »*lögráðamaður*« eru í fullu samræmi við orðin »*lögræði*«, »*fjárræði*« og »*sjálfræði*«. Ráðamaður er fyrirsvarsmáður ólögráðra rjett nefndur. Hann ræður fyrir þá, hefir ráðin fyrir þá. En sjálf *»lögræðið«* fyrir þá hefir hann auðvitað ekki. Það er eigi til, fyr en þeir sjálfir óðlast það.

Enn getum vjer þess, að lögnefni stjórnarfrv. hafa um hrið verið höfð við kenslu í Háskólanum, og eru því orðin föst í máli Háskólans og nemendur orðnir þeim vanir. Enn fremur er nefndinni það kunnugt, að heiti þessi hafa nú þegar verið notuð í rjettarmáli landsyfirdómsins. Þykir oss því varhugavert, að önnur lögnefni verði í þessu efni samþykkt en þau, sem nú tíðkast, og oss þykja þar að auki betri en þau, sem hv. Ed. hefir samþykkt. Viljum vjer ráða hv. deild til að setja aftur inn í frv. lögnefni stj.frv., og ráði síðan sameinað Alþingi, hvað ofan á verður. Leggjum vjer því til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. »Lögráða« í fyrirsögn frv. verði:
lögræði.
2. Alstaðar í frv., þar sem fyrir koma orðin:

»lögráða«,
»sjálfráða«,
»fjárráða«,
»hálfiráða«,
»sjálfráða«,
»fjárráða«,
»fullráða«,
»ósjálfráða«,
»ófjárráða«,
»ófullráða«,
»hálfiráða«,

komi í þeirra stað orðmyndirnar:

lögræði,
sjálfræði,
fjárræði,
hálfiræði,
sjálfráður,
fjárráður,
fullráður,
ósjálfráður,
ófjárráður,
ófullráður,
hálfiráður,

hver á sínum stað í tölum, kynjum og föllum, sem við eiga.

3. Fyrir »eru« í 1. gr. komi:
er.
4. Fyrir »hvorum tveggja« í 7. gr. 1. málgr. komi:
hvorutveggja.

Á aðrar orðabreytingar Ed. getum vjer fallist.

Alþingi, 7. sept. 1917.

Einar Arnórsson,
form. og framsögum.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Einar Árnason.

Einar Jónsson.

Pjetur Ottesen.